


Árlegur kostnaður vegna hvers nemanda – þróun og erlendum samanburður.

Oddur S. Jakobsson hagfræðingur KÍ


Í umfjöllun um skólamál kemur iðulega fyrir hugtakið *árlegur kostnaður vegna hvers nemanda*. Oftar en ekki hafa menn áhuga á því hvernig sá kostnaður hefur þróast og hvernig Ísland kemur út gagnvart erlendum samanburði.

Myndirnar sem fylgja hér með eru gerðar út frá upplýsingum úr nýjustu útgáfu árlegs rits OECD [Education at a Glance](#). Hafa ber í huga þegar myndirnar eru skoðaðar að upplýsingarnar um árlegan kostnað vegna hvers nemanda ná aðeins til ársins 2013.


Fremsta myndin sýnir þróunina á Íslandi frá 2005 til 2013 í samanburði við meðaltal OECD-landanna og annarra Norðurlanda þar sem kostnaðurinn í hverju landi á árinu 2008 er settur jafn 100. Á þeirri mynd er kostnaðurinn samandreginn fyrir grunn- og framhaldsskóla. Kostnaðurinn á hvern nemanda er þó víðast breytilegur eftir skólagerðum og sýna hinar myndirnar fjórar árlegan kostnað vegna hvers nemanda á árinu 2013 í neðri bekkjum grunnskóla (1. til 7. bekk), í efri bekkjum grunnskóla, í framhaldsskólum og í háskólum. Á hverri mynd kemur fram hlutfallslegt frávik Íslands frá meðaltali OECD-landanna.




Árlegur kostnaður vegna hvers nemanda (2013) Grunnskóli 1.-7. bekkur (Primary)



Árlegur kostnaður vegna hvers nemanda (2013) Grunnskóli 8.-10. bekkur (Lower secondary)



Árlegur kostnaður vegna hvers nemanda (2013) Framhaldsskóli (Upper secondary)



Árlegur kostnaður vegna hvers nemanda (2013) Háskóli (Tertiary)

